

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um samvinnu og starfsskiptingu milli lögreglustjóra og rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 253 29. júní 1977.

1. gr.

Í 1. gr. falla niður orðin „Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarneskaupstað, Garðakaupstað, Hafnarfirði og Kjósarsýslu“, en í stað þeirra kemur: stjórmsýsluumdæmum Reykjavíkur, Kópavogs og Hafnarfjarðar.

2. gr.

Í 1. mgr. 6. gr. falla niður orðin „og sakadómurum“.

3. gr.

8. gr. fellur niður.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 9. gr. laga um rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 108 28. desember 1976, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. janúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn A. Jónsson.